

Nefndasvið Alþingis  
Atvinnuveganefnd  
b/t. nefndarritara  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 7. maí 2015

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um veiðigjöld, nr. 74/2012 (692. mál)**

Viðskiptaráð þakkar atvinnuveganefnd Alþingis fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp. Með því eru lagðar til ýmsar breytingar á innheimtu veiðigjalds og lagt til að það verði ákveðið til þriggja ára í senn.

Ljóst er að núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi hefur skipað íslenskum sjávarútvegi í fremstu röð og er meðal grunnstoða lífskjara Íslendinga. Þetta er staðfest í opinberum hagtölum, í samanburði við önnur sambærileg kerfi og af mati innlendra sérfræðinga og erlendra álitsgjafa. Að því sögðu er rétt að leggja áherslu á mikilvægi þess að þjóðin njóti arðs af auðlindum landsins. Um þetta sjónarmið ríkir almenn sátt, þó deilt sé um fyrirkomulag slíks arðs. Arður af auðlindum verður hins vegar aðeins hámarkaður með því að búa viðkomandi atvinnugreinum hagfelld rekstrarskilyrði til lengri tíma.

Viðskiptaráð tekur í meginatriðum undir þau sjónarmið sem fram koma í umsögn Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi og Samtaka atvinnulífsins (SFS og SA) um frumvarp þetta en vill þó koma nokkrum atriðum á framfæri.

Með frumvarpinu eru veiðigjöld hækkuð verulega án þess að bati í rekstri sjávarútvegsfyrirtækja réttlæti slíkt. Með veiðigjaldinu mun íslenska ríkið þannig taka til sín stóran hluta þess virðisauka sem meðal annars hefur orðið til vegna uppbyggingar vörumerkja og gæðastaðla, sérhæfingar og hagkvæmni í nýtingu fiskafla. Slíkar kringumstæður geta staðið frekari uppbyggingu og fjárfestingu sjávarútvegsfyrirtækja fyrir þrífum enda sveiflast kostnaðarliðir þeirra töluvert á milli ára.

Að mati Viðskiptaráðs ætti við skattlagningu íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja að líta til þess hvernig samskonar skattlagningu er hagað í öðrum ríkjum. Skattlagning umfram það sem gengur og gerist annars staðar skerðir óhjákvæmilega samkeppnishæfni íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja sem eru í alþjóðlegri samkeppni. Líkt og bent er á í umsögn SFS og SA um frumvarpið er í þessu samhengi nærtækt að líta til Noregs, en norsk sjávarútvegsfyrirtæki eru í harðri samkeppni við íslensk fyrirtæki um sölu þorsks í Bretlandi.

Þá tekur Viðskiptaráð undir gagnrýni sem fram kemur í umsögn SFS og SA á reiknigrunn veiðigjalds. Samkvæmt frumvarpinu skal reiknigrunnur veiðigjalds ár hvert að byggja á tölfræðilegu úrtaki Hagstofu Íslands sem birt er í ritinu *Hagur veiða og vinnslu*. Líkt og kemur fram í umsögn SFS og SA eru upplýsingar þessar að jafnaði ekki yngri en tveggja ára og ná því

ekki að endurspeglar breytingar í sjávarútvegi sem geta bæði verið miklar og átt sér stað á skömmum tíma. Þannig munu eigendur fiskiskipa greiða veiðigjald á grundvelli hagnaðar sem varð til í það minnsta tveimur árum áður. Að mati Viðskiptaráðs er þetta mjög óheppilegt fyrirkomulag. Jafnframt eru upplýsingarnar sem koma fram í ritinu byggðar á úrtaki en ekki heild sem getur orðið til þess að hagnaður í krónum talið getur reiknast of mikill enda er hann áætlaður svipaður fyrir þau fyrirtæki sem ekki eru í úrtakinu og er í heildarniðurstöðum.<sup>1</sup>

Það er, eins og áður segir, mat Viðskiptaráðs að þjóðin eigi að njóta arðs af auðlindum landsins. Skattlagning á útgerðarfyrirtæki má þó ekki valda fyrirtækjunum fjárhagsvandræðum eða rýra heildarverðmætasköpun fiskveiðistjórnunarkerfisins. Telur Viðskiptaráð að heillavænlegra hefði verið að fá hagsmunaaðila að borðinu við gerð þessa frumvarps. Leggur ráðið sérstaka áherslu á mikilvægi þess að unnið verði að framtíðarlausn á þessu máli í samráði við helstu hagsmunaaðila. Þó fyrirsjáanleiki hafi verið aukinn með því að veiðigjöld séu ákvörðuð fyrir þriggja ára tímabil er enn óvissa um framtíð greinarinnar. Slík óvissa er til þess fallin að draga úr verðmætasköpun greinarinnar og alþjóðlegri samkeppnishæfni.

**Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið verði endurskoðað með tilliti til ofangreindra athugasemda.**

Virðingarfyllt,



---

Marta Guðrún Blöndal  
Lögfræðingur Viðskiptaráðs Íslands

---

<sup>1</sup> Sjá í skýrslu Hagstofunnar um *Hag veiða og vinnslu* frá 17. mars 2015, bls. 1.